



Fjölbrautaskóli

Suðurlands

Vorönn 2025

REIM1GR05

Reiðmennska Verklegt II

Kennarar:	Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	Sk.st.	ÁFG
	Freyja Hilmarsdóttir		FH

REIM1GF05 – Reiðmennska verklegt II – Grunnreiðmennska framhald

Lýsing: Meginviðfangsefni áfangans er að kenna áframhaldandi grunnreiðmennsku. Helstu ásetur, ábendingar og virkni þeirra. Grunnvinna við hönd og upphaf fimiæfinga. Nemandinn lærir að stjórna hraða, stefnu og gangtegund hestsins. Kennarar einfaldar gangskiptingar. Hvernig leggja skal mat á andlegt og líkamlegt ástand hesta og mikilvægi þess að tileinka sér rétt viðhorf gagnvart hestinum. Reiðleiðir, útreiðar og þjálfun á víðavangi.

Forkröfur: HEST1GR05, REIM1GR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ábendingum, virkni og notkun þeirra.
- æfingunni áfram og stopp.
- fyrsta stigi fimiæfinga, þ.e. að vinna við hönd, kyssa ístöð, sveigjustopp og upphaf hliðargangsæfinga.
- notkun reiðvalla, reiðleiðir, merkingar og umferðarreglur.
- réttu taumhaldi og notkun mismundi taumábendinga.
- einföldum gangskiptingum og framkvæmd þeirra.
- útreiðum og þjálfun á víðavangi, forsendur og ávinning.
- mikilvægi þess að geta riðið á slökum taum.

- mikilvægi þess að tileinka sér rétt viðhorf gagnvart hestinum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leggja mat á andlegt og líkamlegt ástand hesta.
- taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi eigið verklag.
- fara á og af baki og ríða á grunngangtegundum (auk tölts) og nota einfaldar ábendingar, sæti, rödd, fætur og taumur.
- hafa grunnvald á algengustu ásetum og taumhaldi.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í almennum umræðum um fagið.
- fylgja leiðbeinandi reglum um öryggismál á vinnustað.
- vera meðvitaður um eigin stöðu og færni í hestamennsku.
- geta brugðist við fjölbreyttum aðstæðum á viðeigandi hátt, miðað við eðli og atferli hestsins.
- vinna með hestinn við hönd (einfaldar æfingar).
- geta látið hestinn kyssa ístöð á baki og við hönd, til beggja hliða.
- geta riðið einfaldar hliðargangsæfingar.
- geta riðið einfaldar gangskiptingar.
- geta riðið helstu reiðleiðir á reiðvelli.
- geta riðið í hlutlausri lóðréttri ásetu, hálfléttri og stígandi ásetu.
- hafa gott jafnvægi á baki hestsins og nota rétt taumhald.
- láta hestinn stoppa, standa kyrran og ganga aftur af stað.
- geta riðið á slökum taum.
- sýna það í reiðmennsku og umgengni við hestinn að hann hafi tileinkað sér rétt viðhorf til hans.
- geta riðið hesti á víðavangi, haft góða stjórn og gætt fyllsta öryggis.

Námsmat:

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ýmsum verkefnum, prófum, jafningjamati og sjálfsmati.

Framkvæmd og fyrirkomulag:

Kennt verður nemendum í hóp tvisvar í viku. Kennslan fer fram í Votmúla og skólinn útvegar hesta og reiðtygi til kennslunnar, þó má nemandi koma með sinn hest í kennslu í samráði við kennara og þurfa nemendur þá að gera viðeigandi ráðstafanir með að koma honum á staðinn. Nemendur skulu mæta með sinn eigin reiðfatnað í kennslu.

Það sem lagt verður áhersla á er að kenna samspil ábendinga og hvað mikilvægt er að umbuna á réttum tíma, half halt og notkun þess við undirbúning fyrir fimíæfingar og tölt, grunnvinna við hendi sem undirbúningur fyrir fimíæfingar og í framhaldi upphaf fimíæfinga og kenndar tvær grunn æfingar Framfótasnúningur og Krossgangur, farið verður markvisst í gangskiptingar, fet – brokk – fet, fet – tölt – fet. Sætisæfingar verða reglulega og áfram lögð áhersla á að æfa og bæta nemendur í fleiri ásetum og skipta á skástæðum og gera gangskiptingu upp í stökk og að ríða stökkið. Stefnt er á að fara í útreiðatúra inná milli og mun það vera gert með tilliti til verkefna og veðurs hverju sinni.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar og er háð framvindu námsins og getur því breyst lítillega.

Mætingarreglur: Sérstakar mætingarreglur eiga við í verklegri reiðmennsku.

Mætingarskylda er í alla verklega tíma.

Við 8. Fjarvist (fjórða tvöfalda tímanum) er nemandi fallinn á mætingu og er miðað við raunmætingu.

Sé nemandi veikur og geti ekki komið í tíma þarf hann að sýna fram á vottorð frá lækni innan við viku frá tímanum sem nemandinn forfallaðist í og ávallt er mælt til að vera í sambandi við kennara ef einhver forföll eru.

Áætlaðar dagsetningar Vorönn 2025:

Vika nr	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
3	13 - 19. Janúar	Kynning á áfanga. - Að hefja þjálfun á sangjarnan hátt eftir frí. Vinna með hestana lausa, í hringtaum eða vinna við hendi. Kynning á verkefninu Klár í keppni.	Áslaug
4	20 - 26. Janúar	Undirbúningur og aðferðir að Vinna við hendi með hestinn >Að víkja að aftan og víkja að framan í kyrrstöðu og á hring og víkja um horn. Háflétt áseta á feti og brokki / Stígandi áseta og skipta á skástæðum. (Verkefni / Klár í keppni)	Freyja
5	27.jan - 2.Febrúar	Vinna við hendi, Að víkja að framan og aftan. Háflétt áseta á feti og brokki / Stígandi áseta og skipta á skástæðum. Létt taumsamband, slakur taumur, stjórn á hraða og stefnu á reiðleiðum. Sætisæfingar , skástæður, háflétt áseta /stígandi áseta. (Verkefni / Klár í keppni)	Áslaug
6	3 – 9.Febrúar	Vinna við hendi. Létt taumsamband, slakur taumur, stjórn á hraða og stefnu á reiðleiðum. Æfingarnar að kyssa ístöð og sveigjustopp. Ásetur æfðar stígandi áseta og háflétt áseta (Verkefni / Klár í keppni)	Áslaug
7	10 – 16. Febrúar	Vinna við hendi. Byrja að nota half halt. Farið í A -B æfingar Munurinn á að stoppa og stöðva (Verkefni / Klár í keppni) Vorfrí 14.febrúar	Freyja
8	17- 23. Febrúar	Half halt sem undirbúningur fyrir tölt og töltreið, gangskiptingar fet – tölt – fet. Undirbúningur fyrir KM 2 próf (Verkefni / Klár í keppni)	Áslaug
9	24. Febrúar – 2.Mars	Að nota half halt markvisst og unnið með gangskiptingar fet – tölt – fet. Undirbúningur fyrir töltreið. Sætisæfingar (Verkefni / Klár í keppni) Miðannarmat - 28.febrúar	Áslaug
10	3 - 9.Mars	Half halt sem undirbúningur fyrir tölt og töltreið, gangskiptingar. Hringvallarreid – undirbúningur fyrir mót. Vinna við hendi í upphitun .	Freyja
11	10 – 16. Mars	Vinna við hendi – Próf. – Gangskiptingar / Vinna á tölti	Áslaug
12	17- 23. Mars	Áhersla á ásetu > háflétta og stígandi áseta á brokki og gangskiptingar Sætisæfingar – Áseta – háflétt áseta , stígandi áseta / skástæður Kátir dagar 19 og 20 mars – Vetrarleikar FSu / Flóafár 21.mars.	Áslaug
13	24 – 30. Mars	Undirbúningur fyrir KM 2 próf – Gangskiptingar upp í stökk og stígandi áseta	Freyja
14	31. Mars – 6.Apríl	Undirbúningur fyrir KM 2 próf - Markvissar gangskiptingar – Að setja upp á stökk og ríða stökk – Áhersla á reiðleiðir á slökum taum	Áslaug
15	7- 13.Apríl	Undirbúningur fyrir KM 2 próf - Sætisæfingar – stökk – Berbakt / fimleikar á hestum Knapamerki 2 – Próf Páskafrí hefst 12 til 21 apríl	Áslaug
16	14 - 20. Apríl	Páskafrí	Freyja
17	21 - 27. Apríl	Páskafrí 21. apríl Kennsla 22,23 og 25.Aprí Gangskiptingar og æfingar Sumardagurinn fyrsti frí 24.Apríl	Áslaug
18	28. Apríl – 4.Maí	1.maí frídagur - Dagur Íslenska Hestsins Markvissar gangskiptingar - Fimíæfingar - Undirbúningur fyrir Próf	Áslaug
19	5 – 11.Maí	Fimíæfingar - Framfótasnúningur og Krossgangur - Undirbúningur fyrir Próf	Freyja
20	12 – 18.Maí	Síðasta kennsluvika vorannar- Síðasti kennsludagur 15.maí Gangskiptingar og fimíæfingar - Próf	Áslaug
21	19 – 25.Maí	Prófavika	Áslaug
22	26. Maí – 1.júní	Námsmat og Sjúkrapróf Brautskráning FSu 28.maí	Áslaug

Fyrirkomulag námsmats:

Verkefni	Lýsing og námsmat	Vægi
Vinna við hendi	Grunnatriði í vinnu við hendi	15%
Klári keppni - Umhirðu og Baðverkefni	Verfnið fellst í að baða hest og skipta faxi og skila hesti Klár í keppni.	15 %
Gangskiptingar og Fimiæfingar	Gangskiptingar, Fimiæfingar - framfótasnúningur og krossgangur.	30 %
Knapamerki 2	Próf - Knapamerki 2	30 %
Kennaraeinkunn / Virkni		10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar